

framansögðu, að hið umbeðna fjárnám eigi fram að fara, því að sannað er, að gjörðarþoli gerði ekki það, sem þvingunarsektirnar lögðu honum á herðar, en gat þó gert það.

---

Miðvikudaginn 26. apríl 1933.

Nr. 28/1933. **Valdstjórnin** (Bjarni P. Johnson)

gegn

**Guðmundi Jónssyni**

(Lárus Jóhannesson).

**Áfengislagabrot.**

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. jan. 1933:* Kærði, Guðmundur Jónsson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi í stað sektarinnar einfalt fangelsi í 15 daga. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Áfengið ásamt ílátinu skal upptækt og eign rikissjóðs. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að kærði hefir ekki gert sennilega grein fyrir því, hvernig umrætt áfengi var komið í vörslur hans verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sem eigi þykir að öðru leyti neitt athugavert við, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar er á-

kveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Bjarna P. Johnsson og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jónssyni, til heimilisis á Njálsgötu 74 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Laugardagskvöldið 14. janúar s. l. gerði lögreglan húsleit hjá kærðum á heimili hans eftir ólöglegu áfengi. Við þá leit fann lögreglan tvo brúsa í svefnherbergi kærðs. Var annar 5 lítra blikkbrúsi, var hann vandlega vafinn innan í umbúðapappír og stóð hann í skoti, sem myndaðist milli klæðaskáps og kómmóðu. Var úr brúsa þessum megn brugglykt og í honum var lítið eitt af vökva, sem að tilhlutan lögreglunnar hefir verið rannsakaður af efna-rannsóknarstofu ríkisins, og reyndist alkóhólstyrkleiki þessa vökva 40% eftir rúmmáli. Hinn brúsinn, sem lögreglan fann í svefnherberginu var alveg tómur, en tveir lögregluþjónanna, sem þátt tóku í húsleitinni, hafa borið það fyrir réttinum, að brugglykt hafi og verið úr honum. Kærði kveðst hafa notað brúsa þennan undir mjólk og ekki vita til þess að brugg hafi verið í honum.

Hvað snertir áfengi það, sem að framan greinir, þá hefir kærði haldið því fram, að hann hafi fundið umræddan brúsa uppi í Skólavörðuholti og hirt hann, en segir að sér hafi verið ókunnugt um innihald hans. Aðra grein hefir honum ekki tekizt að gera fyrir áfenginu og hefir hann eindregið neitað því, að hann hafi bruggað sjálfur.

Þar sem kærða hefir ekki tekizt að sanna, hvernig fyrgreint áfengi er komið í vörzlur hans, þá ber samkvæmt

13. gr. 2. mgr. áfengislaga nr. 64 1930, að telja hann sek-  
an um brot gegn 1. gr. nefndra laga, og með því að ekki  
verður talið, að hann hafi ætlað það til sölu, ber að til-  
taka refsinguna eftir 2. tölulið 27. gr. áfengislaganna.

Kærður var í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 24. nóv.  
1926 sektaður um 400 krónur fyrir ólöglega áfengissölu  
og með dómi sama réttar, uppkveðnum 8. nóv. 1927  
dæmdur í 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengisbruggun,  
en hefir ekki oftart sætt refsingu svo kunnugt sé. Með hlið-  
sjón af því, hversu litið áfengi hér er um að ræða þykir  
refsing kærðs hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkis-  
sjóðs, sem greiðist innan mánaðar, en ella sæti kærði í  
hennar stað einföldu fangelsi í 15 daga. Hann greiði og  
allan kostnað sakarinnar. Áfengið með ilátinu skal vera  
upptækt og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

---

Föstudaginn 28. apríl 1933.

Nr. 28/1932. **Réttvísinn** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
gegn

**Sigfúsi Guttormssyni**  
(Jón Ásbjörnsson).

Brot g. 205., sbr. 2. lið 204. gr. alm. hegnl.

*Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 9. apríl 1932:*  
Ákærði, Sigfús Guttormsson, sæti fangelsi við venjulegt  
fangaviðurværi í einn mánuð.

Hann greiði ennfremur allan kostnað sakarinnar þar  
á meðal 25 krónur til skipaðs verjanda Eiríks Bjarna-  
sonar.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt því, sem segir í forsendum hins á-  
frýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann. Eftir